



Klifurhúsið

leit að framtíðarhúsnæði

Klifurfélag Reykjavíkur er íþróttafélag þeirra sem stunda klifuríþróttir í höfuðborginni. Klifurhúsið er aðstaða félagsins, rekið af Klifurfélagi Reykjavíkur, staðsett í Ármúla 23. Iðkendafjöldi hefur aukist jafnt og þétt á síðustu árum, bæði meðal þeirra sem æfa klifur sem keppnisíþrótt en ekki síður þeirra sem stunda klifur sér til eflingar og heilsuræktar. Leigusamningur um húsnæðið við Ármúla rennur út í júní árið 2023 og því er ljóst að finna þarf annað og hentugra húsnæði undir starfsemina. Hér á eftir fara nokkrir punktar um rekstur og starfsemi Klifurhússins.

Fjármál

Æfingagjöld og áskriftir voru alls 39 m.kr. á árinu 2017. Tekjur voru alls tæpar 55 m.kr. Laun eru langstærsti útgjaldaliðurinn, eða 34,3 m.kr. Húsaleiga er 959 þúsund á mánuði og stendur ÍBR straum af þeim kostnaði.

Iðkendur

Klifurhúsið sækja um 1.500 iðkendur á öllum aldri í hverjum mánuði, að meðaltali 50 til 70 manns á hverjum degi. Í barna- og unglingastarfi eru 285 iðkendur og 235 krakkar sóttu sumarnámskeið 2018.

Þarfirnar

Framtíðarhúsnæði þarf að uppfylla nokkur skilyrði. Flatarmál þyrfti að vera einhversstaðar á bilinu 1.500 til 2.500 fermetrar. Hæstu klifurveggir þyrftu að ná tólf til fimmtán metra hæð. Gera þarf sérstakt svæði fyrir yngstu börnin, uphitunar- og líkamsræktarsvæði, litla skrifstofu og verslun ásamt möguleika á kaffhúsi og ekki síst búningsklefa og sturtuaðstöðu. Það er mat húsnæðisnefndar að besta staðsetningin fyrir nýtt Klifurhús sé í grennd við raunmiðju borgarinnar, til dæmis nálægt Laugardal eða Elliðaárdal. Staðsetningin þarf að bjóða upp á hentugar almenningssamgöngur.

Hugsað til framtíðar

Það er flókið mál að flyta rekstur Klifurhússins og reynslan sýnir að við þurfum að finna húsakost sem dugar í alllangan tíma. Þess vegna er áriðandi að eigandi húsnæðis eða leigusali hafi sambærilega framtíðarsýn.

Toppstöðin

Húsnæði Toppstöðvarinnar í Elliðaárdal hefur vakið verðskuldaða athygli húsnæðisnefndar Klifurhússins. Reykavíkurborg hefur þegar auglýst eftir hugmyndum um framtíðarnýtingu hússins og telur nefndin að í Toppstöðinni liggi einstakt tækifæri fyrir KFR og Reykavíkurborg í sameiningu. Hægt væri að útbúa fyrirtaks aðstöðu fyrir klifrara á Íslandi þar sem hægt væri að höfða til annars útivistarfólks í Elliðaárdal, jafnvel með rekstri kaffihúss, aðstöðu til jógaíðkunar o.fl.

Klätterverket

Meðfylgjandi er slóð að klifurhúsnæði í Stokkhólmi sem svipar til Toppstöðvarinnar að mörgu leiti:
http://www.klatterverket.se/?post_type=news&p=2619